



Svarbréf stjórnar 19. Nóvember 1936

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Byggingarfélag Alþýðu – Húsnæðis kaup – Carl Löve

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-1, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

BYGGINGAFÉLAG ALPÝÐU

SÍMI 2738

REYKJAVÍK, 19. nóvember 1936

Hr. prófessor Bjarni Benediktsson,
Reykjavík.

Ut af heiðruðu bréfi yðar dagsettu 4. þm. viljum vér taka fram eftirfarandi atriði:

1. Sigurður Guðnason, Bergstaðastræti 29, sem hr. S. Carl Löve hefir kært yfir að hafi verið úthlutað íbúð, enda þótt hann hafi ekki orðið félagsmaður fyrir en á síðustu stundu og hafi því engan rétt haft til íbúðarinnar, er félagsmaður nr. 194 og gekk í félagið árið 1934 og hafði því fullan rétt til íbúðar og var í réttri röð.
2. Hvað viðvikur úthlutun einnar íbúðar, er þér minnst á, eftir að hr. S. Carl Löve hafi skýrt frá, að hann muni hafa getað fengið bæjarábyrgð fyrir greiðslu framlaga, viljum vér fyrst taka fram að slík yfirlýsing bæjarins til félagsins liggur jafnvel enn ekki fyrir og í öðru lagi að hann skýrði frá þessu fyrst eftir að íbúðunum var í fyrstu úthlutað. Ein 2 herbergja íbúð - en hr. S. Carl Löve hafði eingöngu viljað 3 herbergja íbúð - kom síðar til úthlutunar og varð síðar að samkomulagi, að maðurinn sem hana fékk, skifti við annan, er hafði 3 herbergja íbúð, en við nánari athugun óskaði frekar að fá 2 herbergja íbúð. Getur því úthlutun þessarar íbúðar á engan hátt talist svo, að gengið hafi verið fram hjá margnefndum hr. S. Carl Löve.
3. Það er rétt að fundargerðir félagsstjórnar bera ekki með sér úrskurði stjórnarinnar um úthlutun íbúðanna, enda er það margþætt og langt mál, en aðalatriði þess öll auðsannanleg, hverjir hafi fengið íbúðirnar, og að þeir fengu þær í réttri röð eftir félagsskrá, að svo miklu leyti, sem þeir hafa getað greitt eða sett fullnægjandi tryggingar fyrir greiðslu framlaga.

BYGGINGAFÉLAG ALÞYÐU

SÍMI 2738

REYKJAVÍK, 19. nóvember 1936

frammh.

Vér höfum þegar skýrt mál þetta svo nákvæmlega fyrir yður og teljum svo fullkomnar sannanir fyrir hlutleysi voru í þessu máli, frá stjórnmalalegu sjónarmiði, eins og líka sjálfsagt er og félagsskapnum fyrir beztu, að vér teljum óþarft að fjölyrða um það. Hinsvegar teljum vér rétt, að næst þegar byggt verður, verði reynt að bóka meira í fundargerðir félagsstjórnar um þessi mál, til að varast óþarfa tortryggni, enda þótt vér teljum algerlega ástæðulaust að rengja framburð vorn í málinu. Vér viljum þó jafnframt geta þess, að í byggingafélagi þessu, eru mjög margar framkvæmdir gerðar af stjórninni án þess að þær séu bókaðar í fundargerðum og væri erfitt um allan rekstur félagsins og mundi gera hann kostnaðarsaman, ef ætti að fara að margfalda skriffinskuna með löngum og ítarlegum bókunum í fundargerðum þegar öll stjórnin er sammála. Afrit af bréfi þessu sendist til bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Virðingarfyllst,

BYGGINGAFÉLAG ALÞYÐU,

Hilmar Helmarsson

Guðm. Þjótursson

Forliður G. Offensen